Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 73

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bmf. 10/6 '11

By. 12

Bræðraborgarstig 3.

Hjer með leifum við undirskrifaðir oss að fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur að henni mætti þóknast að tiltaka hvar á lóð okkar við Bræðraborgarstig 3 við mættum setja vanhús það sem meðfylgjandi uppdráttur sínir.

Virðingarfylst.

Reykjavík 2. Júni 1911.

Guðm. B. Kristjánsson.
Þorsteinn Tómasson (eftir umboði)

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 330/1911 By. 12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit
af fundargjörð byggingarnefndarinnar

Ár 1911 hinn 10. dag júnímánaðar var fundur haldinn í byggingarnefnd-inni og var þá fyrirtekið:

1°

Guðm. B. Kristjánssyni og Þorst. Tómassyni leyft að gjöra salerni við húsið nr. 3 við Bræðraborgarstíg. Stærð salernisins er 2 1/2 x 1 3/4 alin.—

2°

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að taka eignarnámi lóð undir framlenging Ernichersundi frá Mjóstræti að Garðastræti og á byggingarnefndin að meta lóðina til peningaverðs.

Nefndin mat hverja feralin af lóðarræmu þessari á kr. 1.25 hverja feralin.

Á fund komu ekki Jón Jensson, Rögnvaldur Ólafsson og Guðm. Olsen.

Fundi slitið

Páll Einarsson K. Zimsen
Tr. Gunnarsson B. Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi ég undirskrifaður mér fyrir hönd Páls skipstjóra Hafliðasonar, að fara þess á leyt við hina heiðruðu Veganefnd, að hún annist um eða styðji að því að hann fái 4 til 5 ál. breiðann veg heim að húsi sýnu, eða í öllu falli vegarstæði, því eins og nú er, er húsið algjörlega innilokað, og hvorki hægt að komast að því eða frá nema í óþakklæti þeirra sem eiga lóðir umhverfis það; enda hefði hvorki Páli nje öðrum komið til hugar að byggja á þessum stað ef ekki hefði þá þegar hann keypti lóðina og fekk útmælt undir húsið verið búið að ákveða veg að húsinu. Nú lítur út fyrir að búið sje að breyti þeirri ákvörðun, þar sem Gunnar kaupm. Gunnarsson er búinn að tyrfa yfir þetta fyrirhugaða vegarstæði og umgirða það, sumpart með steingarði og sumpart með járni á stólpum og langböndum. Karitas í Nikulásarkoti sem á lóð að Gunnari hefur einnig afgirt hana, svo aðgangur að húsinu er eins og nú stendur yfir matjurtagarð Jóns verzlunarm. Lúðvíkssonar á Litlalandi, en vitanlega verður það enginn framtíðarvegur fyrir húsið. Þau herbergi í húsinu sem Páll brúkar ekki sjálfur, er því erfitt að leigja meðan svona er ástatt. Þetta vegarleysi að húsinu með þeim óþægindum og tapi sem af því leiðir fyrir Pál, kemur að því er mér fynst mjög hart niður, þar sem sá maður á í hlut sem ekkert má missa af því sem gæti orðið honum til stuðnings. T. d. verður hann nú að borga sjerstaklega fyrir að koma kolum eða annari þungavöru heim til sín frá næstu götum: sjálfur getur hann það ekki, og hefur ekki getað um langann tíma, þar eð hann er nú búinn að lyggja rúmfastur í fulla 14 mánuði. Eg býst nú við að bærinn þyrfti ekki að kaupa undir veginn nema 150 fer ál. af lóð Karitasar í Nikulásarkoti, og eg býst einnig við að hún mundi selja hverja fer alin nú, með svipuðu verði og hún seldi Páli, en það voru víst 0/55 sem hann gaf fyrir fer alinina, og Gunnar Gunnarsson svipað eða jafnvel sama.

B. Pálsson 33/ Jan 1912

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fengist nú þessi lóðar ræma fyrir þetta verð þá yrði upphæðin ekki nema Kr 82,50. fyrir lóðina, en sennilegt er að hún mundi heimta girðingu að vestanverðu með þessum vegarspotta sem hún seldi lóð undir, en það er nálægt 30 ál á lengd, mundi þá vegarstæðið og girðingin verða nálægt 100,00.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 30 maí 1911.

Hjörtur Hjartarson.

Til Veganefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur